

## Einkunnarorð og gildi

Einkunnarorð skólans eru: **Virðing – vinátta – vandvirkni**. Marka þau grunninn að stefnu skólans ásamt því að mæta öllum nemendum á forsendum hvers og eins um leið og mikilvægi samvinnu og samhjálp er lagt til grundvallar. Eiga þessir þættir það sameiginlegt að vilja efla ábyrgð hvers einstaklings fyrir eigin velferð og velgengni

Við fléttum þessi gildi inn í allt starf skólans í gegnum nám og leik.

### Virðing

Hver og einn er einstakur - við berum virðingu fyrir einstaklingnum eins og hann er. Við leggjum áherslu á að allir séu metnir að verðleikum og fái viðurkenningu á vinnu sinni og því sem þeir leggja sig fram við.

### Vinátta

Við leggjum áherslu á að í skólanum ríki vinátta meðal allra. Vinátta gegnir hlutverki í að móta félagslega hæfileika og sjálföryggi barna, reynsla þeirra af vináttu getur haft mikil áhrif á þroska þeirra í samskiptum í framtíðinni.

### Vandvirkni (*aðallega grunnskólamegin*)

Við leggjum áherslu á að vanda okkur í því sem við tökum okkur fyrir hendur hvort sem er í vinnu, framkomu eða samskiptum. Við leggjum því áherslu á að hver nemandi hugi að eigin gildum, skoði eigin framtíðarsýn og velti því fyrir sér fyrir hvað hann vill standa til langs og skamms tíma.

## Uppeldisstefna

Uppeldisstefna skólanna í Fjarðabyggð er Uppeldi til ábyrgðar – uppbygging sjálfsaga. Uppeldisstefnan er byggð upp á fimm grunnþörfum mannsins, sem eru:

- **Öryggi** - tengist líkamlegum þörfum sem allir hafa og þurfa að fá uppfyllta að einhverju leyti til að dafna í lífinu ( húsaskjól, fæði, fatnaður, heilsa, fjölskylda eða hvað annað sem veitir öryggi ). Öryggisþörfinni þarf að fullnægja áður en hægt er að sinna öðrum þörfum.
- **Að tilheyra** - Hefur þörf fyrir að tilheyra félagslega og upplifa sig sem hluta af hópi / bekk, vill vera þátttakandi , vill deila með öðrum og blómstrar í

samvinnu, á gott með að mynda tengsl og vill að öðrum líki við sig. Þörfin er uppfyllt með samskiptum við aðra og að vera samþykktur.

- **Hafa áhrif** - vill standa sig vel, hefur þörf fyrir að vita alveg hvað á að gera áður en það er framkvæmt, hefur ríka þörf fyrir hrós og viðurkenningu, skipulagður, stundum stjórnsamur, kappsamur, öruggur í fasi og framkomu. Áhrifaþörfin er uppfyllt með góðri frammistöðu og viðurkenningu.
- **Frelsi** - vill hafa valmöguleika, hefur þörf fyrir sveigjanlegt umhverfi og tilbreytingu, hefur gaman af sköpun og tilraunum, er sama hvað öðrum finnst, til í að prófa nýja spennandi hluti. Frelsiþörfina má helst uppfylla með því að fá frið til að gera og hugsa það sem maður vill en einnig með því að læra að taka meiri ábyrgð.
- **Gleði og ánægja** – gerir oft að gamni sínu og hlær að sjálfum sér og öðrum, áhyggjulaus, sáttur við umhverfið og hefur almennt gaman af lífinu, sækir í spennu og er orkumikill. Gleðiþörfinni má svara á marga vegu í gegnum leik, nám, sköpun og áskoranir.

Megináherslan í uppbyggingarstefnunni er á sjálfsuppbyggingu gerandans. Ef gerandanum verður á mistök fái hann tækifæri til að leiðrétta þau og svigrúm til að byggja sig upp til að verða það sem hann vill standa fyrir. Ætíð að vera heiðarlegur í samskiptum. Að bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og gagnvart ólíkum skoðunum, menningu og reynslu. Sýna umburðarlyndi og kærleika í verki. Jákvæð samskipti er eitt af markmiðum sem við leggjum áherslu á að nemendur og starfsmenn tileinki sér. Að nemendur séu glaðir, fái hrós, hvatningu og frelsi til góðra verka. Uppbygging fjallar að mestu leyti um að ná aftur jafnvægi og sjálfstrausti (Gossen, 2007). Læra að þekkja sinn innri mann og efla sjálfstraust sitt og vera hamingjusöm/samur hér og nú.

## Hlutverk starfsmanna

Allir starfsmenn leikskólans skulu koma fram við börn af virðingu, taka tillit til þeirra og hlusta á þau. Starfsmenn skulu leitast við að vera í gefandi samskiptum við börn, samstarfsfólk og fjölskyldur barna ásamt því að vera góð fyrirmynd í hvívetna. Starfsmönnum ber að vinna í anda aðalnámskrár og tileinka sér þá sýn

sem þar er sett fram í skólanámskrá hvers leikskóla. Skipulag og búnaður leikskóla á að stuðla að því að vekja forvitni barna, efla sjálfstæði þeirra og frumkvæði, virkni, áhuga og gleði.

## Helstu áherslur Breiðdals- og Stöðvarfjarðarskóla varðandi grunnþætti menntunar og námssviða

Námssvið leikskólans eiga að vera samofin og samþætt öllu starfi leikskólans og taka mið af sex grunnþáttum menntunar. Þau byggjast á gagnrýni og skapandi hugsun sem tengist leik og daglegum athöfnum leikskólans. Börn læra í gegnum leik og daglegt starf innan dyra sem utan. Þau læra í samvinnu við önnur börn og þegar þau fá stuðning og hvatningu frá hinum fullorðnu. Námssviðin byggjast á skapandi og gagnrýninni hugsun og tengjast leik og daglegum athöfnum í leikskólum. Leikskólastarf byggist á lögum um leikskóla þar sem lögð er áhersla á gildi leiksins.



## Læsi og samskipti

Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt, tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt. Mikilvægt er að málörvun gangi sem rauður þráður í gegnum allt skólastarfið og áhersla lögð á málrækt. Málrækt eflist meðal annars í samtölum, með krefjandi spurningum, með því að lesa fyrir börnin, segja þeim sögur og kenna kvæði og þulur. Einnig skal hvetja börnin að segja frá og hlusta með athygli. Leikurinn er mikilvægur til að kenna læsi og í gegnum leik kynnast börnin áhrifamætti málsins og margbreytileika.

Hlutverk starfsfólks er að skapa aðstæður svo að nemendur leikskólans fái tækifæri til að æfa sig í jákvæðum og uppbyggilegum samskiptum. Börnin skiptast á skoðunum, og styrkja þannig sjálfsmynd sína og sjálfsþekkingu. Stuðlað er að sjálfstæði og frumkvæði með því að hvetja til ímyndunar og sköpunar og forvitni barnanna vakin fyrir sjálfum sér og umhverfi sínu.

Í öllum þáttum daglegs starfs leggur starfsfólk sig fram við að ýta undir læsis- og samskiptafærni nemenda með því að örva mismunandi þroskasvið; vitrænan þroska, skynjun, félags- og tilfinningaþroska, hreyfiþroska og málþroska. Þessir þættir fléttast saman og þeir eru eflidir með því að:

- Nota hrós, hvatningu og sýna umhyggju
- Heilsa og kveðja í upphafi - og lok dags
- Spyrja opinna spurninga, skiptast á skoðunum og hugmyndum
- Með markvissu hópastarfi/samvinnu
- Syngja lög og vísur
- Vinna með verkefnið *Markviss málörvun* sem er undanfari lestrarkennslu
- Vinna með námsefni sem heitir *Lubbi finnur málbein*
- Lesa sögur, ljóð, þulur og ævintýri sem eflir orðaforða barnanna
- Gefa nemendum tækifæri til semja sögur og ævintýri og segja frá þeim á ýmsan hátt t.d. með leikrænni tjáningu, frjálsum leik, tónlist og dansi
- Hafa ritmálið sýnilegt (bækur, blöð, valspjöld, nöfn barnanna, tölur og merkingar hluta)

- Nota tákn með tali
- Vera vakandi fyrir þroskafrávikum og grípa inn í
- Fara í vettvangsferðir þar sem nemendur læra að lesa í umhverfið (t.d. götumerkingar, fjöll, þekktar byggingar í nærumhverfi)
- Leikþjálfun, fylgja börnum eftir og kenna þeim að leika sér og skiptast á
- Nota tölvu og spjaldtölvu
- Efla félagsfærni með því að leiðbeina í samskiptum

## Heilbrigði og velferð

Í leikskólanum okkar er lögð áhersla á hollt mataræði, hvíld, hreinlæti og fjölbreytta hreyfingu. Börn þurfa mikla hreyfingu sem veitir þeim vellíðan, ánægju og útrás. Líðan þeirra hefur áhrif á sjálfsmynd þeirra og eflir trú á eigin getu. Með hreyfingu eykst einnig líkamsvitund barna og eflir jafnframt félags- og málþroska þeirra.

Í leikskólanum fá börnin tækifæri til frjálsrar hreyfingar í úti- og inniveru, í leikjum og í skipulagðri hreyfingu. Í sal beggja deilda er góð aðstaða til hreyfingar. Þar eru lagðar margvíslegar þrautabrautir þar sem börnin hafa aðgang að köðlum, trampólíni, jafnvægislá, rimlum, boltum o.fl. Opin svæði í nágrenni leikskólans eru mörg og farið er reglulega í göngu- og vettvangsferðir.

Áhersla er lögð á hugtakaskilning, samhæfingu, félagsfærni og hlustun. Starfsfólk leggur áherslu á nán tengsl við börnin og veita þeim öryggi og umhyggju.

Lögð er rík áhersla á hollan og næringarríkan mat. Starfsfólk fræðir um hollt mataræði og hvetur börnin til að smakka á öllum mat. Allur matur er eldaður/bakaður á staðnum. Mikilvægt er að matartíminn sé ánægjuleg stund og er gott að huga að lýsingu, rólegheitum og fallegu borðhaldi.

- Ávaxtastundir eru tvisvar á dag
- Vatn aðgengilegt allan daginn
- Nota inniröddina í matartímum og skapa notalegt andrúmsloft
- Börnin læra um hreinlæti og mikilvægi þess, lögð er áhersla á handþvott svo sem fyrir matartíma og eftir salernis ferðir

- Öll börn fá hvíldarstund, þar sem yngri sofna en eldri hlusta á slökunartónlist og ævintýri
- Jóga og slökunaræfingar

## Lýðræði, mannréttindi og jafnrétti

Í leikskóla er gaman... þar upplifa börn sig sem hluta af hóp og samfélagi, þar sem réttlæti og virðing einkenna samskipti. Líta ber á börn sem virka einstaklinga og um leið þátttakendur þar sem hver og einn fær tækifæri til að leggja sitt að mörkum og hafa áhrif á umhverfi sitt. Hjá okkur er leitast við að allir séu jafnir og fái sömu tækifæri til menntunar óháð kyni, kynþætti, trúarbrögðum, stétt, fötlun, þjóðerni, ætterni og lífsskoðunum. Börn fá fræðslu um jafnrétti þar sem allir fái tækifæri til að eflast og styrkjast og lifa ábyrgu lífi í frjálsum samfélagi. Leitast er við að ráða til starfa starfsfólk af báðum kynjum og með ólíka reynslu til að ýta undir fjölbreytileika í starfsmannahópnum. Í daglega starfinu læra börn að hlusta, virða skoðanir annarra, tjá eigin hugmyndir og vinna í hópum. Þau læra að leita lausna ásamt því að tileinka sér lýðræðisleg vinnubrögð. Þetta eflir samskiptafærni þeirra og trú á eigin getu. Allir þessir þættir ýta undir hugmyndaflug barnanna, efla sjálfstæði þeirra og kenna þeim að þau geti haft áhrif á samfélagið.

Í leikskólanum er daglega lögð áhersla á vináttuna og að börnin beri umhyggju og virðingu fyrir sjálfum sér, öðru fólki, dýrum og umhverfinu. Þetta er hluti af því að tileinka sér lýðræðislega hugsun og vinnubrögð.

Í leikskólanum eru skýrar og einfaldar reglur:

- Við erum vinir og erum góð hvert við annað
- Við göngum inni
- Við notum inniröddina
- Við höfum hendur og fætur hjá okkur (lemjum/spörkum ekki)
- Útivera: þar leika börnin sér frjálst og óhindrað án stýringar.

- Matmálstímar: börnin hjálpa sér sjálf eftir þroska og getu, hjálpa hvert öðru og trufla ekki hvert annað. Við erum misfljót að borða og berum virðingu fyrir því.
- Samverustund: Þar kennum við þeim að hafa hendur og fætur hjá sér og virða það pláss sem er ætlað hverjum og einum. Virða skoðanir annarra og hlusta.

## Sjálfbærni og vísindi

Sjálfbærni snýst um að hugsa um samspil umhverfis, efnahags, samfélags og velferðar. Sjálfbærni er þátttaka í lífinu sjálfu. Sjálfbærni og sjálfbær þróun felur í sér að við skilum umhverfinu til afkomendanna í ekki lakara ástandi en við tókum við því og við leitumst við að mæta þörfum samtíðar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum.

Börn beita margvíslegum aðferðum við að kanna og reyna að öðlast skilning á umhverfi sínu. Þau snerta, smakka, hlusta, horfa, flokka, rannsaka og draga ályktanir. Það er hlutverk kennarans að vera fyrirmynd og skapa aðstæður svo börnin fái reynslu og meiri þekkingu. Þeim er kennt að bera virðingu fyrir umhverfinu og náttúrunni og þau fá tækifæri til að upplifa og njóta. Starfsfólk ýtir undir forvitni barnanna, hvetja þau áfram og kenna þeim að leita lausna. Börnin taka virkan þátt í endurvinnslu, þau aðstoða við að flokka og nýta endurvinnanlegan efnivið, t.d pappír, fernur ofl. Á *Degi umhverfisins* og á *Degi íslenskrar náttúru*, fara börn og starfsfólk út og vinna saman í þágu náttúru og umhverfisverndar.

Í öllum þáttum daglegs starfs leggur starfsfólk sig fram við að ýta undir sjálfbærni, vísindi og þekkingu nemenda í víðum skilningi, með því að:

- Vettvangsferðir um nánasta umhverfi þar sem lífríkið er skoðað s.s. jurtir, skordýr og fuglar
- Vettvangsferðir farnar í þeim tilgangi að tína rusl
- Umræður og bókalestur um veðurfar, árstíðir, dýralíf o.fl.

- Flokka og skila sorpi til endurvinnslu
- Sveitaferð þar sem börnin fá tækifæri til að komast í návígi við dýrin í sínu náttúrulega umhverfi
- Fjöruferð þar sem börnin kynnast lífríki sjávar
- Gera tilraunir með vatn, stækkunargler, smásjá og segla
- Leikið og unnið með náttúrulegan efnivið svo sem steina, köngla, tré og bein, laufblöð, grjót og jurtir
- Unnið með form, tölur og rými, stærðfræðihugtök bæði úti og inni
- Einingakubbar
- Unnið með ljós og skugga, t.d skjávarpa og vasaljós

## Sköpun og menning

Sköpun er mikilvægur þáttur í þroska og námi barna. Skapandi starf á fyrst og fremst að beinast að ferlinu sjálfu, tjáningunni og gleðinni sem á sér stað. Hugmyndir og ímyndunarafl barnanna fær að njóta sín. Hlutverk starfsfólksins er að skapa umhverfi sem styður við og örvar sköpunarkraft barna.

Tónlist veitir börnunum gleði og útrás og er mikilvægur þáttur í menningu hvernar þjóðar. Að vinna með fjölbreytta tónlist gerir börnin næmari fyrir hljóðum og hrynjanda. Þau læra margvíslega söngva og kynnast ýmsum hljóðgjöfum.

Dans veitir börnunum útrás og gleði á jákvæðan og heilbrigðan hátt og beinir orku þeirra í æskilegan farveg í öruggu umhverfi. Að hreyfa sig við tónlist stuðlar að auknum líkamsþroska, eflir heilbrigði, styrkir sjálfmynd og eykur líkamsvitund barnanna.

Menning er samofin öllu starfi leikskólans og tengist leik barna, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu. Í leikskólanum kynnast börnin íslenskum hefðum og öðrum hátíðum. Börnin læra að virða mismunandi lífsviðhorf, kynþætti og menningu. Þau læra að líta á menningarlegan fjölbreytileika sem tækifæri til að læra og fræðast um aðrar þjóðir.



- Í myndlist er lögð áhersla á að barnið fái að skapa á eigin forsendum og að þau hafi frjálstan aðgang og mismundandi efnivið.
- Í frjálsum leik fá börnin tækifæri til þess að tjá upplifun sína, t.d með hlutverkaleik og einingakubbum.
- Börnin fá að undirbúa og taka þátt í hátíðum sem tengjast íslensku þjóðlífi, t.d með föndri og kökubakstri fyrir jól, gerð bolluvanda fyrir öskudag o.s.frv.
- Starfsfólk skulu vera góðar fyrirmyndir og benda á fjölbreytileika einstaklinga, ýta undir samvinnu og hjálpssemi.
- Mikilvægt er að spyrja opinna spurninga sem gefa börnum færi á að hugleiða fleira en eitt rétt svar og þar með að opna nýjar gáttir að sama takmarki.
- Gefa þarf börnum tækifæri á að tjá sig á hvaða formi sem þau óska svo sem; með sögum, söng, leiklist, dansi, myndlist eða hverskonar frásögn, ásamt því að vera opin og jákvæð gagnvart öllum hugmyndum og vangaveltum barnanna. Einnig er mikilvægt að hrósa þegar svo ber undir og hvetja sjálfstæða hugsun.